

Stjórnarfundur 10. október 2017

Fundinn sátu: Snorri, Jón Þór, Kristín, Eiður, Einar, Gunnar, Sigurða og Vilborg

- Mannabreytingar í stjórn: Lárus Páll Pálsson er fluttur út á land og tekur varamaðurinn Gunnar Örn Guðmundsson því hans sæti í stjórn. Gjaldkeri Sigurða Sigurðardóttir og ritari Vilborg Ævarsdóttir víxla störfum.
- Húsnæðismál rædd, hugmynd um stórt og mikið boltahús á bílaplaninu sem yrði einnig í tengslum við grunnskólana.
- Afmæli Ármanns 15. des. best að halda uppá það sunnudaginn 10. des. kl. 14:00, afmælisnefnd óbreytt.
- Önnur mál:
 - Láta sauma Ármannsfána sem fyrst, spari.
 - Halda súpufund, finna dagsetningu, en kl. 18:00. Athuga hve langt ætti að vera á milli þeirra.
 - Einar sér um að saga skíðadeildar verði skráð áður en allir gömlu falla frá.
 - Ármannsskálinn í Bláfjöllum verður að fá hreinsun og málningu næsta sumar, mikill sveppagróður. Verið að framkvæma þar núna, hluta af þaki, varmadælur, nýir gluggar o.fl., fékkst styrkur fyrir þessu.

Fundi slitið kl. 18:05.